



Tillögur og greinargerð starfshóps:

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri
Elísabet H. Pálmadóttir, verkefnastjóri
Ingveldur Björnsdóttir, leikskólaráðgjafi
Bergþóra Gísladóttir, kennsluráðgjafi
Sigrún Birgisdóttir, leikskólakennari
Þorgerður L. Diðriksdóttir, grunnskólakennari

Starfsmenn nefndarinnar:
Guðrún Edda Bentsdóttir, formaður
Elísabet H. Pálmadóttir, ritari

Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar
Júní 2007



Tillögur starfshópsins

Helstu verkefni starfshópsins voru að:

1. *Undirbúa og skipuleggja áætlun til þriggja ára um eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.*

Hópurinn leggur til að eftirfarandi markmið verði höfð að leiðarljósi:

- Að hvetja leik- og grunnskóla til að setja sér þriggja ára markmið og gera áætlun til að efla málþroska og læsi.
- Að skimanir og mat sýni aukna lestrargetu meðal grunnskólabarna.
- Að stofna stýrihóp til að leiða verkefnið og vinnuhópa í hverfum til að vinna að verkefnum sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi.
- Að styðja og hvetja foreldra til að efla málþroska og læsi barna sinna t.d. með sérstökum fræðslufundum um málþroska og læsi og með því að dreifa bæklingum til foreldra um hvernig þeir geta stutt við börn sín á þessu sviði.

2. *Skipuleggja námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám.* Hópurinn fjallaði ítarlega um námskeið fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám. Hópurinn setti fram tillögur um tilhögun námskeiðsins og kom með ábendingar um fyrirlesara fyrir undirbúningshóp að vinna úr. Ákveðið var að fara af stað með þetta námskeið skólaárið 2007 - 2008. Námskeiðið er í formi fyrirlestra, verkstæðis, vinnufunda í hverfum og sjálfstæðrar vinnu þátttakenda.

3. *Hvetja til samstarfs milli skólastiga um lestrarverkefni.*

Leitað var til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um þátttöku leikskólaráðgjafa og kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum í verkefninu. Hlutverk þeirra verður að halda utan um og leiða samstarfsverkefni milli skóla í hverfunum í tengslum við námskeið um málþroska og læsi fyrir kennara í elstu aldurshópum leikskólans og yngstu bekkji grunnskólans.





Efnisyfirlit

Tillögur starfshópsins	4
Efnisyfirlit	5
1. Inngangur—starf nefndarinnar	6
2. Vinna starfshópsins—samantekt úr fundargerðum	6
3. Helstu niðurstöður starfshópsins	8
Áherslur og markmið	8
Tillaga um áætlun til þriggja ára um eflingu málproska og læsis í leik- og grunnskólum borgarinnar	10
Verkefni 1. árs; 2007 - 2008	10
Verkefni 2. árs; 2008 - 2009	11
Verkefni 3. árs; 2009 - 2010	11
Námskeið um málproska og læsi	12
Heimildir	14
Fylgiskjöl	15



1. Inngangur – starf nefndarinnar

Í starfsáætlun Menntasviðs fyrir árið 2006 er markmið um að hvetja og styðja skóla til að efla málþroska og læsi, m.a. með því að bjóða upp á námskeið fyrir kennara um undirbúning lestrarnáms og kennslu. Einnig er í starfsáætluninni markmið um að vinna markvisst með niðurstöður lesskimunar til að efla lestrarnám. Í því skyni var skipaður starfshópur haustið 2006 sem héldi utan um þriggja ára verkefni sem hefði það að meginmarkmiði að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum borgarinnar. Mælt var til þess að hópurinn tæki mið af tillögum teymis um lestur og ritun sem starfaði á Fræðslumiðstöð Reykjavíkurborgar og skilaði tillögum til fræðsluráðs árið 2005.

Helstu verkefni hópsins samkvæmt erindisbréfi voru eftirfarandi:

- Undirbúa og skipuleggja áætlun til þriggja ára um eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.
- Skipuleggja námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám.
- Hvetja til samstarfs milli skólastiga um lestrarverkefni.
- Skipuleggja vinnuhópa í hverfum um málþroska og lestrarnám fyrir leik- og grunnskóla.

Fulltrúar í hópnum voru:

- Guðrún Edda Bentsdóttir fulltrúi grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, formaður
- Elísabet Helga Pálmadóttir fulltrúi leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs, ritari
- Bergþóra Gísladóttir kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
- Ingveldur Björnsdóttir leikskólaráðgjafi á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar
- Sigrún Birgisdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Hlíðaborg
- Þorgerður L. Diðriksdóttir grunnskólakennari í Grandaskóla

Nefndin hélt samtals sautján fundi á tímabilinu október 2006 til júní 2007, kynnti sér ýmis gögn um málið og fékk til sín gesti. Hópurinn leitaði eftir samráði og upplýsingum frá ýmsum sérfróðum aðilum. Á fund hópsins komu Fríða B. Jónsdóttir, leikskólaráðgjafi í Þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleitis og Guðlaug G. Teitsdóttir, kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Miðborgar/Hlíða til að ræða við hópinn um málefni barna af erlendum uppruna. Einnig komu á fund hópsins þær Fríða Haraldsdóttir, skólasafnskennari í Laugalækjarskóla, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir og Þorbjörg Karlsdóttir frá Borgarbókasafni til að ræða möguleika á samstarfi við skólasöfn og almenningsbókasöfn í tengslum við verkefnið. Kristján B. Jónasson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bókaútgefenda, kom á fund hópsins og sagði frá verkefninu *Lesum*, samstarfsverkefni félagsins og menntamálaráðuneytisins, sem hefur það að markmiði að styðja við sveitarfélög sem vilja koma af stað verkefnum til að efla málþroska og læsi. Einnig var haft samráð við starfsmannaþjónustur Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkurborgar um námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum sem hefðu það að markmiði að efla málþroska og læsi og hvetja til samstarfs í hverfum um verkefni á þessu sviði.

Hópurinn leitaðist við að afla upplýsinga um hvernig staðið hefði verið að því að efla málþroska og læsi í öðrum sveitarfélögum. Einkum var lítið til þess metnaðarfulla verkefnis sem unnið hefur verið að í Reykjanesbæ á undanförunum árum. Enn fremur kynnti hópurinn sér lestrarstefnu Garðabæjar. Hópurinn ræddi ítarlega um helstu áherslur sem ættu að vera í áætlun til þriggja ára sem hefði það að markmiði að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og setti fram tillögur að námskeiði fyrir kennara í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám.

2. Vinna starfshópsins - samantekt úr fundargerðum

Fyrsti fundur hópsins var haldinn 9. október 2006. Á þeim fundi var farið yfir erindisbréf starfshópsins og tillögur að lestrarátaki sem hópur á vegum Fræðslumiðstöðvar vann vorið 2005. Einnig var sagt frá endurskoðaðri aðalnámsskrá í íslensku sem liggur fyrir en hefur ekki verið samþykkt. Á fyrsta fundinum var einnig rætt um lesskimun í 2. bekk sem lögð hefur verið fyrir undanfarin ár, m.a. til að setja viðmið fyrir sérkennslu í lestri. Niðurstöður hafa sýnt litla breytingu á milli ára á meðaltalsárangri nemenda. Eftirfylgni með lesskimuninni hefur ekki verið mikil og lítið er vitað um hvernig skólarnir vinna með niðurstöður skimunarinnar.



2.1. Tillögur fyrir starfsáætlun 2007

Á öðrum fundi starfshópsins var unnið að tillögum starfshópsins um áherslur fyrir starfsáætlun 2007 um hvernig efla megi málþroska og læsi í leik- og grunnskólum.

Tillögur komu fram um að:

1. Halda námskeið fyrir kennara leik- og grunnskóla þar sem kynntar yrðu ýmsar leiðir til eflingar málþroska og læsis.
2. Skipuleggja samráðshópa/vinnuhópa í hverfum og hvetja til samstarfs milli leik- og grunnskóla í samvinnu við þjónustumiðstöðvar.
3. Gefa út og/eða dreifa bæklingi til foreldra um málþroska og læsi.

2.2. Hugmyndir að 3ja ára áætlun

Margir fundir starfshópsins fóru í umræður um markmið og áherslur í þriggja ára áætlun starfshópsins. Fyrstu drög lágu fyrir á 6. fundi hópsins 16. nóvember 2006 (sjá tillögu bls. 9).

2.3 Börn af erlendum uppruna

Á 7. fund komu þær Fríða B. Jónsdóttir og Guðlaug Teitsdóttir og kynntu hvaða áherslur þær sjá varðandi börn og fjölskyldur þeirra af erlendum uppruna.

Í ráðgjöf til leikskólanna hefur áhersla m.a. verið á að gefa út bækling á nokkrum tungumálum fyrir foreldra um mikilvægi lestrar og móturmálsþroska sem undirstöðu lestrarnáms. Einnig þarf að leggja áherslu á samræður og lestur heima á eigin tungumálum. Leikskólakennarar þurfa mikla fræðslu, stuðning og ráðgjöf um hvernig kenna eigi börnum annað tungumál sem hægt er að veita t.d. með sameiginlegri fræðslu fyrir bæði skólastigin, leikskóla og yngstu börnin í grunnskólanum. Mikilvægt er að skoða hvaða aðferðir hafa verið notaðir í leikskólum við kennslu í íslensku svo hægt sé að kortleggja hvað gefur góða raun.

Í ráðgjöf til grunnskólanna er einnig lögð áhersla á fjölskylduna því foreldrarnir hafa oft lítil tæk á íslenskunni. Fyrir bragðið hafa foreldrar ekki aðgang að samfélaginu. Foreldrar eru oft illa upplýstir um mikilvægi heimanáms og því þarf að auka möguleika á aðstoð við heimanám fyrir börn af erlendum uppruna í skólunum, t.d. með eins konar Mentor-fyrirkomulagi. Mikilvægt að veita kennurum ráðgjöf og stuðning við að vinna með foreldrum barna af erlendum uppruna vegna ólíks menningarlegs bakgrunns. Ákveðinn verkferill þarf að vera til staðar þegar fólk af erlendum uppruna flytur til landsins þannig að það fari í greiningarviðtal og í framhaldi af því t.d. í viðtal í skóla þar sem kynnt er starfsemi leik-/grunnskólans.

2.4 Samstarf leik-/grunnskóla og bókasafna

Á 8. fund hópsins komu Fríða Haraldsdóttir, skólasafnskennari í Laugalækjarskóla, Hólmfríður Gunnlaugsdóttir og Þorbjörg Karlsdóttir frá Borgarbókasafni.

Kynnt var með hvaða hætti samstarfi bókasafna og leikskóla er háttað í dag. Leikskólar geta pantað sögustundir á bókasöfnunum og einnig geta þeir fengið lánaðar bækur. Boðið er upp á aðstoð við að finna bækur og gögn ef verið er að vinna t.d. þemavinnu í leikskólanum. Tilraunaverkefni hefur verið í gangi með koffort inn á leikskólum sem inniheldur barnabækur sem foreldrar geta fengið lánaðar heim. Koffortið er um tvo mánuði í leikskólunum í senn og taka þrjár leikskólar þátt hverju sinni. Verkefninu hefur verið vel tekið.

Samstarf grunnskólanna og Borgarbókasafnsins er með þeim hætti að öllum nemendum í 4. bekk er boðið í safnkynningar. Unglingalestur í 8., 9. og 10. bekk í völdum skólum hefur verið í gangi í þrjú ár. Einnig er boðið upp á bókasþjall, en þá fara bókasafnsfræðingar út í skólana og kynna ákveðnar bækur. Fram kom hugmynd að eflingu samstarfs grunnskólanna og Borgarbókasafnsins með því að fara með koffort í unglingaskólana sem í væru bækur og tímarit um efni sem höfði til áhugasviða unglunga. Einnig má auka heimsóknir bókasafnsfræðinga á almenningssöfnum inn í skólana.

2.5 Kynning frá Félagi íslenskra bókaútgefanda

Kristján B. Jónasson, frá Félagi íslenskra bókaútgefanda, kom tvisvar á fund hópsins. Hann sagði í stuttu máli frá samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og FÍB. Kristján sagði að félagið væri mjög fúst til að styðja við bakið á sveitarfélögum sem hefðu hug á að fara í lestrarverkefni, t.d. með bókaöfnum til einstakra árganga eða bókaverðlaunum í lestrarkeppnum en um það þyrfti að berast formlegt erindi.

Kristján kynnti vefinn *Lesum.is* sem er samstarfsverkefni Félags íslenskra bókaútgefanda og menntamálaráðuneytisins. Tilgangur vefsins er að miðla til kennara því sem hefur áunnist af lestrarverkefnum, s.s. verkefninu í Reykjanesbæ og gefa kennurum hugmyndir um hvernig hægt sé að skipuleggja lestrarverkefni í skólum og heilu sveitarfélögum. Á vefinn verður hægt að setja inn eins konar lestrarleiðbeiningar eða lestrarhjálp, bókalista, hljóðupptökur af lestri o.fl. Kristján tók vel í að hýsa vef lestrarverkefnis á vegum borgarinnar á *Lesum.is* vefnum og stefna að því að opna vefinn 16. nóvember 2007 á *Degi íslenskrar tungu*.

2.6 Sameiginleg námskeið leik- og grunnskóla um málþroska og læsi

Á 12. og 13. fundi starfshópsins var rætt um að halda sameiginlegt námskeið fyrir starfsmenn í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla um málþroska, læsi og lestrarnám. Nánari lýsingu á námskeiðinu er að finna á bls. 11-12 í þessari greinargerð.

Einnig var rætt um að halda námskeið um yndislestur, lestraráhuga, lesskilning og læsi til framtíðar fyrir miðstígg og unglíngastig. Tillögur um inntak slíks námskeiðs voru einnig ræddar.

Námskeiðin þarf að tengja við þá áherslu áætlunarinnar að allir leik- og grunnskólar setji sér markmið og geri aðgerðaáætlun til þriggja ára varðandi málnotkun, málörvun, lestrarfærni og lestraráhuga. Markmiðssetningin sé hluti af endurmati á skólanámskrá og/eða umbótaáætlun skólans. Einnig var bent á að mikilvægt sé að námskeiðin séu valkvæð, að þátttaka þjónustumiðstöðvanna sé tryggð og að þau skili áþreifanlegum árangri, t.d. tengslaneti fagfólks sem heldur áfram að vinna saman eftir að námskeiðunum lýkur.

3. Helstu niðurstöður starfshópsins

Áherslur og markmið

Hópurinn var sammála um að leggja bæri mesta áherslu á eftirfarandi þætti við að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum borgarinnar:

- Að hvetja til samstarfs milli leik- og grunnskóla í hverfum um verkefni sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi.
- Að leggja áherslu á snemmtæka íhlutun varðandi málþroska og læsi. Í því skyni verði safnað saman upplýsingum um hvaða skimunarpróf eru til sem meta málþroska og læsi og hvernig þau eru notuð í leik- og grunnskólum.
- Að allir kennarar leik- og grunnskóla séu hvattir til að sækja endurmenntunarnámskeið um lestrarkennslu og málþroska.
- Að leik- og grunnskólar eigi kost á ráðgjöf í tengslum við verkefnið frá ráðgjöfum á þjónustumiðstöðvunum.
- Að hvetja til yndislestrar á öllum stigum leik- og grunnskóla.
- Að efla samstarf við almenningsbókasöfn og hvetja til notkunar á þjónustu þeirra, t.d. með því að vekja athygli á þjónustunni á vef verkefnisins og víðar.

Eitt af verkefnum hópsins samkvæmt erindisbréfi var að undirbúa og skipuleggja áætlun til þriggja ára um eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Hópurinn ræddi ítarlega um hverjir helstu áherslupættir verkefnisins ættu að vera og skoðaði þær áherslur sem voru í verkefninu *Lestrarmenning í Reykjanesbæ* og í lestrarstefnu Garðabæjar. Hópurinn hafði einnig til hliðsjónar tillögur starfshóps sem starfaði á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og skilaði tillögum vorið 2005.



Hópurinn leggur til að eftirfarandi markmið verði höfð að leiðarljósi við að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum borgarinnar:

1. Að hvetja leik- og grunnskóla til að setja sér þriggja ára markmið og gera áætlun til að efla málþroska og læsi.

Hópurinn var sammála um að nauðsynlegt væri að sérhver leik- og grunnskóli setti sér markmið og gerði áætlun til þriggja ára til að efla málnotkun, málörvun, lestrarfærni, lestrarlöngun og lestrarvenjur barna og unglinga. Slík áætlun gæti verið hluti af endurskoðun á skólanámskrá leikskóla eða umbótaáætlun grunnskóla. Í áætluninni kæmi fram að allir kennarar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að nýta öll tækifæri sem gefast til að efla málþroska og læsi nemenda.

2. Að skimanir og mat sýni aukna lestrargetu meðal grunnskólabarna.

Við markmiðssetninguna verði tekið mið af niðurstöðum kannana og skimana á málþroska og læsi sem fyrir liggja, s.s. niðurstöðum úr HLJÓM 2 eða sambærilegum skimunum í leikskólum og úr hugtakaprófinu BOEHM í 1. bekk, lesskimuninni Læsi í 1. og 2. bekk, samræmdum prófum í 4. og 7. bekk og öðrum prófum og matstækjum sem skólarinn nota.

3. Að stofna stýrihóp til að leiða verkefnið og vinnuhópa í hverfum til að vinna að verkefnum sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi.

Hópurinn telur mikilvægt að stofnaður verði stýrihópur til að leiða verkefnið og hafa yfirumsjón með því að koma þriggja ára áætluninni í framkvæmd. Í hópunum eigi sæti fulltrúar Leikskólasviðs, Menntasviðs, leikskóla- og kennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöðvum og fulltrúar leik- og grunnskólakennara. Stýrihópurinn hvetji til þess að stofnaðir verði vinnuhópar í hverfum til að vinna að verkefnum sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi. Væntanlega verða einhverjir slíkir hópar einnig til í tengslum við námskeið um málþroska og læsi fyrir kennara í elstu aldurshópum leikskólans og yngstu bekkjum grunnskólans.

4. Að styðja og hvetja foreldra til að efla málþroska og læsi barna sinna, t.d. með sérstökum fræðslufundum um málþroska og læsi og með því að dreifa bæklingum til foreldra um hvernig þeir geti stutt við börn sín á þessu sviði.

Rannsóknur ber saman um að hlutur foreldra við að efla málþroska og læsi er óyggjandi (Aulls og Sollars, 2003; Frijters, Barron og Brunello, 2000; Meyer og Wardrop, 1994; Molfese, Modglin og Molfese, 2003; Nelson, 2005). Því er mikilvægt að Menntasvið og þjónustumiðstöðvar taki höndum saman um að styðja við bakið á foreldrum í þessu mikilvæga hlutverki, t.d. með því að standa að fræðslufundum fyrir foreldra um eflingu málþroska og læsis og með því að gefa út bæklinga með upplýsingum og leiðbeiningum til foreldra um þeirra hlut í málþroska og læsi barnanna.

Haft var samband við kynningarfulltrúa Námsgagnastofnunar sem tók því vel að dreifa bæklingnum *Lestur er lykill...* til foreldra allra barna í 1. bekk næstu þrjú skólaárin. Jákvæðar undirtektir fengust frá forsvarsmanni landssamtakanna Heimilis og skóla við því að dreift yrði bæklingnum *Leggjum börnum lið... við læsi* til foreldra allra barna í 2. bekk í grunnskólum borgarinnar. Einnig var leitað til forsvarsmanna Íslenska lestrarfélagsins til að kanna möguleika á samstarfi um að endurskoða og gefa út að nýju bæklinginn *Viltu lesa fyrir mig*, sem félagið gaf út fyrir allmörgum árum. Var þeirri málaleitan vel tekið.

Enn fremur leggur hópurinn til að haldnir verði fræðslufundir í hverfum fyrir foreldra leikskólabarna og yngstu barnanna í grunnskólanum um hvernig foreldrar geti sem best stutt við börn sín varðandi þessa þætti.

Tillaga um áætlun til þriggja ára um eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum borgarinnar

Verkefni 1. árs; 2007 - 2008

- Skipa stýrihóp fyrir verkefnið til þriggja ára sem í eigi sæti fulltrúar Leikskólasviðs, Menntasviðs, leikskóla- og kennsluráðgjafar frá þjónustumiðstöðvum, fulltrúar leik- og grunnskólakennara.
- Allir leik- og grunnskólar setji sér markmið og geri aðgerðaáætlun til þriggja ára varðandi málnotkun, málörvun, lestrarfærni og lestraráhuga. Markmiðssetningin sé hluti af endurmati á skólanámskrá og/ eða umbótaáætlun skóla.
- Skipa vinnuhópa í hverfum; með leik- og grunnskólaráðgjöfum frá þjónustu-miðstöðvum og fulltrúum frá leik- og grunnskólum í hverfunum ásamt fulltrúum bókasafna þar sem það á við. Fulltrúar þjónustumiðstöðvanna kalli saman hópana.
- Kynning á verkefninu:
 - o Velja tíma og leiðir, t.d. 16. nóvember á *Degi íslenskrar tungu*.
 - o Halda sameiginlega sýningu á verkefnum sem ætlað er að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum á fjölsóttum stað, t.d. í Ráðhúsinu eða Kringlunni.
 - o Samkeppni um bókamerki.
 - o Samkeppni um slagorð verkefnisins.
 - o Opna vef verkefnisins í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda.
- Námskeið og fræðsla:
 - o Halda námskeið fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám.
 - o Halda fræðslufundi í hverfum fyrir foreldra leikskólabarna og yngstu barnanna í grunnskólanum um málþroska og læsi.
 - o Undirbúa námskeið um lestraráhuga, lesskilning og læsi til framtíðar fyrir miðstig og unglíngastig.
 - o Bæklingur fyrir foreldra - athugaðir verði möguleikar á að endurútgefa/endurskoða eldri bækling(a), t.d. frá Námsgagnastofnun eða Íslenska lestrarfélaginu.
- Samstarf við aðra aðila:
 - o Efla samstarf við Rithöfundasambandið um rithöfunda- og bókakynningar.
 - o Samstarf við Félag ísl. bókaútgefenda um umbun og hvatningu í tengslum við eflingu á málþroska og lestri (bókagjafir, verðlaun o.þ.h.).
 - o Virkja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk sem hluta af verkefninu - gera hana sýnilegri og e.t.v. víkka út með fleiri verkefnum.
- Mat:
 - o Kanna hve margir leik- og grunnskólar nota HLJÓM eða annað sambærilegt tæki til að meta málþroska/hljóðkerfisvitund og vinna markvisst með niðurstöðurnar.
 - o Kanna hvort grunnskólar nýti niðurstöður lesskimunarinnar í 2. bekk sem hluta af sjálfsmati og umbótaáætlun sinni.
 - o Safna upplýsingum um verkefni sem þegar er verið að vinna á þessu sviði í leik- og grunnskólum og birta á vef verkefnisins.
 - o Ákveða hvernig á að meta árangur af verkefninu.

Verkefni 2. árs; 2008 - 2009

- Vinnuhópar starfa áfram í hverfum; með leik- og grunnskólaráðgjöfum frá þjónustu-miðstöðvum og fulltrúum frá leik- og grunnskólum í hverfunum ásamt fulltrúum bókasafna þar sem það á við.
- Allir leik- og grunnskólar setji sér markmið og geri aðgerðaáætlun til þriggja ára varðandi málnotkun, málörvun, lestrarfærni og lestraráhuga. Markmiðssetningin sé hluti af endurmati á skólanámskrá og/ eða umbótaáætlun skóla.
- Námskeið og fræðsla:
 - o Halda námskeið fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám, ef aðsókn leyfir.
 - o Halda námskeið um lestraráhuga, lesskilning og læsi til framtíðar fyrir miðstig og unglíngastig.
 - o Halda fræðslufundi í hverfum fyrir foreldra leikskólabarna og yngstu barnanna í



- grunnskólanum um málproska og læsi.
 - o Bæklingar fyrir foreldra - athugaðir verði möguleikar á að endurútgefa/endurskoða eldri bækling(a), t.d. frá Námsgagnastofnun eða Íslenska lestrarfélaginu.
 - o Halda fræðslufundi fyrir foreldra um málproska og læsi í hverfum borgarinnar.
- Samstarf við aðra aðila:
 - o Efla samstarf við Rithöfundasambandið um rithöfunda- og bókakynningar.
 - o Samstarf við Félag ísl. bókaútgefenda um umbun og hvatningu í tengslum við eflingu á málproska og lestri (bókagjafir, verðlaun o.þ.h.).
 - o Virkja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk sem hluta af verkefninu - gera hana sýnilegri og e.t.v. víkka út með fleiri verkefnum.
- Mat:
 - o Vinna með niðurstöður könnunar á hve margir leik- og grunnskólar noti HLJÓM eða annað sambærilegt tæki til að meta málproska/hljóðkerfisvitund og vinna markvisst með niðurstöðurnar.
 - o Hvetja alla grunnskóla sem það á við til að nýta niðurstöður lesskimunarinnar í 2. bekk sem hluta af sjálfsmati og umbótaáætlun sinni.
 - o Safna upplýsingum um verkefni sem þegar er verið að vinna á þessu sviði í leik- og grunnskólum og birta á vef verkefnisins.
 - o Áfangamat í lok 2. árs.

Verkefni 3. árs; 2009 - 2010

- Vinnuhópar starfa áfram í hverfum; með leik- og grunnskólaráðgjöfum frá þjónustu-miðstöðvum og fulltrúum frá leik- og grunnskólum í hverfunum ásamt fulltrúum bókasafna þar sem það á við.
- Allir leik- og grunnskólar setji sér markmið og geri aðgerðaáætlun til þriggja ára varðandi málnotkun, málörvun, lestrarfærni og lestraráhuga. Markmiðssetningin sé hluti af endurmati á skólanámskrá og/ eða umbótaáætlun skóla.
- Námskeið og fræðsla:
 - o Halda námskeið fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum um málproska, læsi og lestrarnám, ef aðsókn leyfir.
 - o Halda námskeið um lestraráhuga, lesskilning og læsi til framtíðar fyrir miðstig og unglíngastig, ef aðsókn leyfir.
 - o Halda fræðslufundi í hverfum fyrir foreldra leikskólabarna og yngstu barnanna í grunnskólanum um málproska og læsi.
 - o Bæklingar fyrir foreldra - athugaðir verði möguleikar á að endurútgefa/endurskoða eldri bækling(a), t.d. frá Námsgagnastofnun eða Íslenska lestrarfélaginu.
 - o Halda fræðslufundi fyrir foreldra um málproska og læsi í hverfum borgarinnar.
- Samstarf við aðra aðila:
 - o Efla samstarf við Rithöfundasambandið um rithöfunda- og bókakynningar.
 - o Samstarf við Félag ísl. bókaútgefenda um umbun og hvatningu í tengslum við eflingu á málproska og lestri (bókagjafir, verðlaun o.þ.h.).
 - o Virkja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk sem hluta af verkefninu - gera hana sýnilegri og e.t.v. víkka út með fleiri verkefnum.
- Mat:
 - o Vinna með niðurstöður könnunar á hve margir leik- og grunnskólar noti HLJÓM eða annað sambærilegt tæki til að meta málproska/hljóðkerfisvitund og vinna markvisst með niðurstöðurnar.
 - o Hvetja alla grunnskóla sem það á við til að nýta niðurstöður lesskimunarinnar í 2. bekk sem hluta af sjálfsmati og umbótaáætlun sinni.
 - o Safna upplýsingum um verkefni sem þegar er verið að vinna á þessu sviði í leik- og grunnskólum og birta á vef verkefnisins.
- Lokamat á verkefninu í lok 3. árs - skýrsla um verkefnið.

Námskeið um málþroska og læsi

Hópurinn fjallaði ítarlega um námskeið fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að æskilegast væri að nýta námskeiðið til að stuðla að samstarfi milli skólastiga um verkefni sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi og fara þess á leit að leikskólaráðgjafar og kennsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum borgarinnar komi að námskeiðinu með því að leiða vinnuhópa sem e.t.v. verða settir á laggirnar í hverfunum í tengslum við námskeiðið. Hópurinn setti fram meðfylgjandi tillögur um tilhögun námskeiðsins og kom með ábendingar um fyrirlesara fyrir undirbúningshóp að vinna úr. Ákveðið var að fara af stað með þetta námskeið skólaárið 2007 - 2008.

Starfshópurinn leggur til að haldin verði sameiginleg námskeið fyrir starfsmenn í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla um málþroska, læsi og lestrarnám. Námskeiðin verði að einhverju leyti haldin í hverfunum og tengd þjónustumiðstöðvunum. Námskeiðin byrji með sameiginlegum fyrirlestrum sem verði haldnir tvo til þrjú hálfra daga í ágúst eða byrjun september og síðan verði fundir í hverfunum þar sem markmiðið væri að hvetja leik- og grunnskóla til að vinna saman að verkefnum sem stuðla að því að efla málþroska og læsi. Jafnvel geti verið um eins konar verkstæði að ræða þar sem kennarar vinna saman að verkefnum á staðnum. Þeir fundir verði í umsjón leikskólaráðgjafa og/eða kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöðvunum eða annarra sem viðkomandi þjónustumiðstöð tilnefni. Í lok vetrar verði sameiginlegur námskeiðsdagur/dagpartur með öllum hópnum þar sem afrakstur námskeiðsins verður kynntur.

Um verði að ræða 50 kest. námskeið sem standi frá ágúst 2007 til maí 2008. Námskeiðið skiptist þannig:

A. Sex fyrirlestrar sem allir sækja (12 kest.), tillögur að fyrirlestrum:

- Fyrirlestur um málþroska, Hrafnhildur Ragnarsdóttir í KHÍ
- Barnabókmenntir og skil leik- og grunnskóla, Anna Þ. Ingólfssdóttir í KHÍ
- Byrjendalestur (emergent literacy), Steinunn Torfadóttir í KHÍ,
- Félaganám og mat á lestrarkennslu, Anna L. Pétursdóttir
- Tvítýngd börn í leik- og grunnskólum, Guðlaug G. Teitsdóttir og Hulda K. Danielsd.
- Hugmyndafræði söguaðferðarinnar, GEB eða aðrir
- Samstarf leik- og grunnskóla í gegnum söguaðferðina, leikskólinn Hamrar/Víkurskóli

B. Verkstæði (8 kest.), þátttakendur velja eitt af þremur verkstæðum til að kynnar sér nánar og vinna að verkefnum á eigin vinnustað, sept./okt. 2007, tillögur að inntaki:

- Fjölbreytt stafakennsla, t.d. *Ég get lesið*, byrjendakennsla í lestri, Kristín Arnardóttir og/eða Bryndís Gunnarsdóttir,
- Verkstæði í söguaðferðinni, Guðrún E. Bentsd. (eða aðrir sem vel þekkja til)
- Leikur og málþroski/leikur og ritmál, Sigrún Birgisdóttir

C. Vinnufundur í hverfum (5 x 3 kest.) á tímabilinu nóvember 2007 til apríl 2008 undir handleiðslu leikskóla- og/eða kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöðvum þar sem þátttakendur vinna saman að því að undirbúa og skipuleggja samstarfsverkefni milli leik- og grunnskóla sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum.

D. Sjálfstæð vinna þátttakenda (10 kest.) við að undirbúa verkefni til að vinna með eigin nemendum.

E. Lokadagur í maí 2008 (5 kest.) þar sem þátttakendur kynna þau verkefni sem unnið hefur verið að um veturinn.

Settur var saman undirbúningshópur til að útfæra nánar hugmyndir starfshópsins um námskeið til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum. Í hópnum voru Dröfn Guðmundsdóttir, mannauðsráðgjafi á starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs, Hildur Sigurðardóttir, mannauðsráðgjafi á starfsmannaþjónustu Menntasviðs og Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs. Hópurinn var í samstarfi við Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands og fleiri um fyrirlesara og inntak námskeiðsins.

Til að hvetja til samstarfs milli skólastiga og í hverfum um lestrarverkefni var ákveðið að leita til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um þátttöku leikskólaráðgjafa og kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum um að halda utan um og leiða samstarfsverkefni milli skóla í hverfunum. Var sent bréf þar að lútandi til sviðsstjóra Velferðarsviðs dags. 7. maí 2007. Svar barst í tölvupósti nokkru síðar þar sem samþykkt var þátttaka



kennsluráðgjafa og leikskólaráðgjafa í námskeiðinu og að leiða starf í hverfunum.

Einnig var rætt um námskeið um lestraráhuga, lesskilning og læsi til framtíðar fyrir kennara á miðstigi og unglingastigi. Ekki er síður mikilvægt að viðhalda lestraráhuga barna og unglunga og hvetja þau með fjölbreyttum aðferðum til að halda áfram að lesa sér til gagns og gamans. Mikilvægt er að kennarar þessara aldurshópa hafi á takteinum mismunandi aðferðir til að efla lesskilning og námsvitund barna og unglunga til að gera þau færari við að finna og vinna úr þeim upplýsingum sem þau þurfa á að halda í leik og starfi. Stefnt verði að því að halda slík námskeið á 2. og 3. ári verkefnisins.

Heimildir

Aulls, M. A. og Sollars V. (2003). The differential influence of the home environment on the reading ability of children entering grade one. *Reading Improvement*. 40 (4) bls.164

Birna Sigurjónsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir og Ólafur Magnússon (2006) *Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2006*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Erna Árnadóttir og Ingibjörg Frimannsdóttir (1993). *Viltu lesa fyrir mig?* Bæklingur styrktur af menntamálaráðuneytinu, Félagi íslenskra bókaútgefenda og Menningar- og fræðsluskrifstofu alþýðu. Reykjavík: Íslenska lestrarfélagið.

Frijters, J. C., Barron, R. W. og Brunello, M. (2000). Directed and mediated influences of home literacy and literacy interest on prereaders' oral vocabulary and early written language skill. *Journal of Educational Psychology*. 92 (3) bls. 466.

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir (án ártals). *Lestur er lykill að þekkingu og betri framtíð*. Bæklingur unninn að tilstuðlan menntamálaráðuneytisins. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Leikskólar Reykjavíkur (2005). *Samstarf leik- og grunnskóla. Um mat og upplýsingamiðlun milli skólastiganna*. Reykjavík: Leikskólar Reykjavíkur.

Menntasvið Reykjavíkurborgar (2006). *Greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Meyer, L. A. og Wardrop, J. L. (1994). Home and school influences on learning to read in kindergerten through second grade. Í Lehr, F. og Osborn, J. (ritstj.) *Reading, language and literacy. Instruction for the twenty-first century* (bls. 165-184). New Jersey: Lawrence Erlbaum Associate Publishers.

Molfese, V. J., Modglin, A. og Molfese, D.L. (2003). The role of environment in the development of reading skills: A longitudinal study of preschool and school-age measures. *Journal of Learning Disabilities*. 36 (1), bls. 59

Nelson, R. F. (2005). The Impact of Ready Environments on Achievement in Kindergarten *Journal of Research in Childhood Education*. 19 (3), bls. 215

Steinunn Torfadóttir (án ártals). *Leggjum börnum lið...við læsi. Leiðbeiningar um lestrarnám*. Reykjavík: Heimili og skóli - landssamtök foreldra og Kennaraháskóli Íslands.

Fylgiskjöl

1. Erindisbréf starfshópsins.
2. Bréf til sviðsstjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 7. maí 2007.
3. Svarbréf frá sviðsstjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 30. maí 2007.



Fylgiskjal 1

Erindisbréf

<p>Heiti vinnuhóps: Starfshópur um málþroska og læsi í leik- og grunnskólum</p>
<p>Ábyrgðarmaður: Gerður G. Óskarsdóttir, sviðsstjóri Menntasviðs</p>
<p>Hlutverk: -Hvetja og styðja skóla til að efla málþroska og læsi, m.a. með því að bjóða upp á námskeið fyrir kennara um undirbúning lestrarnáms og kennslu, eins og segir í starfsáætlun Menntasviðs. Hópurinn taki mið af tillögum teymis um lestur og ritun frá 2005.</p>
<p>Helstu verkefni: -Undirbúa og skipuleggja áætlun til þriggja ára um eflingu málþroska og læsis í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. -Skipuleggja námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum um málþroska, læsi og lestrarnám. -Hvetja til samstarfs milli skólastiga um lestrarverkefni. -Skipuleggja vinnuhópa í hverfum um málþroska og lestrarnám fyrir leik- og grunnskóla.</p>
<p>Fulltrúar í vinnuhópi: Elísabet Helga Pálmadóttir fulltrúi leikskólaskrifstofu Menntasviðs Guðrún Edda Bentsdóttir fulltrúi grunnskólaskrifstofu Menntasviðs Ingveldur Björnsdóttir leikskólaráðgjafi á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar Bergþóra Gísladóttir kennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis Sigrún Birgisdóttir aðstoðarleikskólastjóri Þorgerður L. Diðriksdóttir grunnskólakennari</p>
<p>Formaður vinnuhóps: Guðrún Edda Bentsdóttir</p>
<p>Starfsmenn: Guðrún Edda Bentsdóttir</p>
<p>Ráðgjöf / samstarf: Félag móðurmálskennara, KHÍ, foreldrasamtök, Borgarbókasafn, Rithöfundasamband Íslands o.fl.</p>
<p>Starfstímabil: 15.09.2006-15.06.2007</p>
<p>Skil: Til sviðsstjóra Menntasviðs.</p>

Fylgiskjal 2

[ÖB]

Reykjavík, 8. maí 2007
MSR2007050198
50.0
RÞ/ts

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Stella Kristín Víðisdóttir
Sviðsstjóri
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

Efni: Þátttaka kennsluráðgjafa í námskeiði um málþroska og læsi.

Í stefnu og starfsáætlun Leikskólasviðs og Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007 er markmið um að hvetja og styðja leik- og grunnskóla til að efla málþroska og læsi, m.a. með því að bjóða upp á námskeið fyrir kennara um þetta efni. Starfshópi var falið að undirbúa slíkt námskeið og hóf hann störf haustið 2006. Hann er m.a. skipaður fulltrúum beggja sviðanna, leik- og grunnskólakennurum ásamt leikskólaráðgjafa og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Hópurinn hefur lagt til að haldið verði sameiginlegt námskeið fyrir kennara í leik- og grunnskólum skólaárið 2007 - 2008 til að styðja þá til að efla málþroska og læsi meðal yngstu barnanna. Fyrirhugað er að námskeiðið hefjist með sameiginlegum fyrirlestrum í ágúst 2007 en síðan verði vinnufundir í hverfum á tímabilinu nóvember 2007 til apríl 2008. Markmið með vinnufundunum er að hvetja til samstarfs milli skólastiganna um verkefni sem hafa það að markmiði að efla málþroska og læsi. Því er talið æskilegt að vinnufundirnir í hverfunum verði undir leiðsögn leikskólaráðgjafa eða kennsluráðgjafa í þjónustumiðstöðvum

Hér er óskað eftir því við Velferðarsvið að það samþykki að ráðgjafar á þjónustu- miðstöðvunum annist þetta verkefni enda fellur það undir þann þjónustusamning sem gerður var á milli Þjónustu- og rekstrarsviðs og Menntasviðs um verkefni á sviði skólamála.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þorsteinsson
sviðsstjóri Menntasviðs




Fylgiskjal 3



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

50.0

OBJ



Reykjavík, 30. maí 2007
2007050008
90.20.1

Menntasvið Reykjavíkurborgar
Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri
Fríkirkjuvegur 1
101 REYKJAVÍK

Þátttaka kennsluráðgjafa í námskeiði um málþroska og læsi

Velferðarsvið hefur samþykkt erindi þitt frá 8. maí sl. varðandi þátttöku kennsluráðgjafa í námskeiði um málþroska og læsi.

Virðingarfyllt

Stella K. Viðisdóttir
Stella K. Viðisdóttir
sviðsstjóri